



Borgarráð Reykjavíkur

Ósk um viðbótar fjárheimild vegna launakostnaðar nemenda Vinnuskóla 2023

Óskað er eftir 95 m.kr. viðbótar fjárheimild vegna launakostnaðar nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2023. Viðbótar kostnaður umfram áætlun Umhverfis- og skipulagssviðs er tilkominn vegna fjölda nemenda og taxtahækkunar hjá nemendum sem samþykkt var fyrir sumarið 2022.

Greinargerð:


Fjárhagsáætlun Umhverfis- og skipulagssviðs árið 2023 gerir ráð fyrir 158 m.kr. vegna launa nemenda.

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2022 samþykkti borgarráð taxtahækkun hjá nemendum Vinnuskólans. Veitt var viðbótarfjárheimild vegna þessa en hækkunin hefur ekki verið færð inni ramma sviðsins. Fjöldi nemenda og nýting vinnutíma er enn nokkuð óljós. Nú hafa 3.157 nemendur skráð sig í Vinnuskólann en þegar búið er að taka út þá sem eru utan aldurs og brottfall sem þegar hefur orðið eru nemendur í skólanum 3.059. Launakostnaður m.v. þann fjölda og óbreyttan taxa frá árinu 2022 er eftirfarandi:

Óbreytt laun m.v. 2022						
Árg.	Nem.fj.	Tímafjöldi	Kaup	M. orl. og lt.gj.	Heildar laun pr. nem	Laun VSR
8 b.	1268	52,5	711 kr	838 kr	44.002 kr	55.795.000 kr
9 b.	1066	105	947 kr	1.116 kr	117.216 kr	124.952.115 kr
10 b.	725	105	1.184 kr	1.319 kr	138.470 kr	100.390.707 kr
					Samtals:	281.137.822 kr

Í ljósi reynslu sl. ára má gera ráð fyrir að nýting nemenda á vinnutíma verði um 90% og því áætlað að launakostnaður verði um 253 m.kr. Því vantar um 95 m.kr. upp á áætlaðan launakostnað.

Virðingarfyllt,


Guðmundur Benedikt Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða